

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn Sjálfstæðisflokks vegna framkvæmda við Bústaðaveg (US190355)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 06.11.2019 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins sem vísað var til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

„Óskað er upplýsinga um hvers vegna framkvæmdaleyfi var veitt vegna framkvæmda við aðrein og ramp við Bústaðaveg án þess að grenndarkynning hafi farið fram? Þá er óskað upplýsinga um hvernig Reykjavíkurborg muni bregðast við niðurstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um að fella framkvæmdaleyfið úr gildi.“

Umsögn:

Útgáfa framkvæmdaleyfis fyrir ramp og aðrein við Bústaðaveg byggðist á því mati að nægjanlegar heimildir lægju fyrir viðkomandi framkvæmd í gildandi aðalskipulagi þess tíma. Framkvæmdaleyfið var fellt úr gildi með úrskurði ÚUA 13/2020. Brugðist var við kærinni með því að grenndarkynna framkvæmdaleyfið fyrir íbúum og öðrum hagaðilum á svæðinu. Vegagerðin hélt jafnframt opinn kynningarfund um framkvæmdina og brugðist var við helstu athugasemdum um hæð hljóðmanar og gróðursetningu.

Beðist er velvirðingar á því að það misförst að svara fyrirspurninni á sínum tíma en farið var strax í að grenndarkynna framkvæmdina í kjölfar ofangreinds úrskurðar.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi